

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 26. fundur.

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 11. október 2011, kl. 09:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Óli Halldórsson, Þekkingarsetri Þingeyinga mætir til fundarins.
3. Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er eftir samþykkt sveitarstjórnar til afskriftar opinberra gjalda.
4. Skipan í samráðshóp.
5. Erindi frá Péttri B. Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, ósk um breytingu á staðsetningu fuglaskoðunarhúss.
6. Erindi frá eigendum Gistiheimilisins Stangar ehf. ósk um heimild til sölu á landi.
7. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um leyfi til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.
8. Bréf frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Sel Hótelis og Páls, f.h. Hótelis Gígs vegna ástands hitaveitu.
9. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni, ósk um stöðuleyfi.
10. Tillaga frá fulltrúum G-lista vegna ágreinings hitaveitunnar og landeigenda í Vogum, var frestað á síðasta fundi.
11. Leiðrétting á fundargerð 25. fundar.
12. Slægjufundur.

Til kynningar.

Bréf Umhverfissráðuneytis dags. 26. sept.

Fundargerð Brunavarnanefndar dags. 27. sept.

Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 29. sept.

Ályktanir kvenfélagasambands Suður-Þingeyinga frá aðalfundi dags. 9. apríl.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 12. júlí.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 7. sept.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Jóhanna Njálisdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 12 yrði bætt á dagskránnu.

### 2. Óli Halldórsson, Þekkingarsetri Þingeyinga mætir til fundarins.

Óli Halldórsson og Sólveig Sigurgeirsdóttir mættu til fundarins. Óli fór yfir þær hugmyndir sem hann hefur varðandi möguleika á fjarvinnslu/námsveri eða myndun þekkingar- og þjónustukjarna, sem hefur að markmiði að finna nýjar leiðir til eflingar þjónustu við íbúa í dreifðum byggðum. Hans hugmyndir miða m.a. að því að stofna þekkingarsetur með aðkomu ríkisins og fleiri aðila í sveitarfélaginu. Sólveig fór yfir möguleika til að sækja um IPA aðlögunarstyrki Evrópusambandsins til að byggja upp og þróa opinbera stjórnsýslu í Þingeyjarþingi. Sveitarstjórn samþykkir að fela þeim Óla og Sólveigu að vinna hugmyndina áfram.

### 3. Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er eftir samþykkt sveitarstjórnar til afskriftar opinberra gjalda.

Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa opinber gjöld skv. erindi frá sýslumanni dags. 21. sept. 2011.

Fært í trúnaðarmálabók.

### 4. Skipan í samráðshóp.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa tvo fulltrúa í samráðshóp sem kanni möguleika á auknu samstarfi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Fulltrúar Skútustaðahrepps verða Dagbjört Bjarnadóttir og Friðrik K. Jakobsson og til vara Böðvar Pétursson og Eyrún Björnsdóttir.

### 5. Erindi frá Pétri B. Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, ósk um breytingu á staðsetningu fuglaskoðunarhúss.

Með tölvupósti óskar Pétur Bjarni Gíslason f.h. Fuglasafns Sigurgeirs eftir leyfi Skútustaðahrepps til að breyta staðsetningu á fuglaskoðunarhúsi við Krírtartjörn í landi Álftagerðis en landeigendur þar óskuðu eftir breytingunni. Fyrir liggur leyfi frá Umhverfisstofnun.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti breytta staðsetningu á húsinu.

### 6. Erindi frá eigendum Gistiheimilisins Stangar ehf. ósk um heimild til sölu á landi.

Með bréf óska eigendur Gistiheimilisins Stangar ehf. eftir samþykki sveitarstjórnar til sölu á landi sem er þinglýst eign gistiheimilisins. Með bréfinu fylgir afstöðumynd af rúmlega 7100 m<sup>2</sup> lóð. Væntanlegur kaupandi er Alessandro Tamburini, Ítalíu.

Sveitarstjórn samþykkir að nefnd sala fari fram. Þá samþykkir sveitarstjórn jafnframt að stofnuð verði sér lóð og að landið verði tekið úr landbúnaðarnotum.

### 7. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um leyfi til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.

Með tölvupósti er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar um viðbótargistileyfi til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf. Um er að ræða leyfi fyrir nýju sex herbergja gistihúsi.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.

**8. Bréf frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Sel Hótels og Páls, f.h. Hótels Gígs vegna ástands hitaveitu.**

Með bréfi dags. 25. sept. vilja Yngvi Ragnar Kristjánsson f.h. Sels-Hótels Mývatns, Páll Sigurjónsson f.h. Hótels Gígs og Ásta Lárusdóttir og Björn Yngvason f.h. Ferðaþjónustu bænda Skútustöðum, koma á framfæri óánægju sinni með ástand hitaveitumála. Núverandi lögn í Skútustaði sé síðan 1986 og á þeim tíma sagt að endingartíminn væri 15 ár. Nú 25 árum síðar er enn sama lögn við lýði. Bent er á að lögnin fari í sundur ca. einu sinni í mánuði og oftast undanfarið misseri. Ítrekað hafi gestir nefndra gististaða orðið fyrir óþægindum vegna þessa og nú sé brýnt að fara í viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Sveitarstjórn tekur undir það að illt er að búa við ótryggt ástand hitaveitunnar.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir bilanasögu á nefndri lögn. Verið er að vinna að endurbótum á veitunni og stefnt er að því að áætlun um endurbætur fyrir hitaveituna verði til í kring um áramót.

**9. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni, ósk um stöðuleyfi.**

Með bréfi óskar Ólafur H. Jónsson eftir stöðuleyfi fyrir 40 feta gám sem staðsettur yrði vestan við lóð Landsvirkjunar í Bjarnarflagi, áður lóð Kísiliðjunnar.

Sveitarstjórn samþykkir umbeði leyfi.

**10. Tillaga frá fulltrúum G-lista vegna ágreinings hitaveitunnar og landeigenda í Vogum, var frestað á síðasta fundi.**

**Tillaga um hitaveitumál:**

Það er álit G listans að samningur um heitavatnsréttindi við landeigendur í Vogum, frá 1971 sé úr gildi fallinn vegna áralangra vanefnda beggja aðila, breyttra þjóðfélagsaðstæðna og lagaumhverfis. Það er einnig álit G listans að við núverandi aðstæður séu landeigendur ekki sammingsaðilar um heitavatnsnot heldur Landsvirkjun. G listinn leggur til að gengið verði nú þegar til samninga við Landsvirkjun um afnot af heitu vatni til hitunnar og neyslu í sveitarfélaginu. Jafnframt að útbúin verði ástandsskýrsla á veitum hreppsins, það er hita, vatns og fráveitum, skal þetta ná til ástands lagna, afkastagetu og lagareglna um förgun. Síðan verði gerð heildaráætlun um uppbyggingu/endurnýjun kerfisins og rekstrarfyrirkomulag, þar með talið hvort hagkvæmt sé að tengja hluta sveitarinnar við aðra veitu en Bjarnarflag og hvort hagkvæmt sé að fela öðrum rekstur kerfisins. Í framhaldi af því gerð útboðsgögn um verkið og fjármögnun þess. Öllum þessum verkþáttum verði lokið fyrir næstkomandi áramót, þannig að endurnýja megi veitnakerfið á árinu 2012.

**Með tillögunni fylgir m.f. greinargerð.**

**Greinargerð:**

Vanefndir á hitaveitusamningnum frá 1971 má rekja nærri 20 ár til baka. Búið er að reyna ýmsar leiðir til að fá niðurstöðu í þau mál, bæði með viðræðum, gerðadómi og samningum. Skoða verður samninginn frá 1971 í ljósi þess tíðaranda sem þá var. Notendur veitunnar voru nær eingöngu landeigendur sjálfir, auk Kísiliðjunnar og á

þeim tíma ekki nein sérstök áform um að selja öðrum aðgang að veitunni. Segja má að með tilkomu Kröfluvirkjunar, aukinnar byggðar í Reykjahlíð og lagning veitunnar í Grímsstaði, suður í Álftagerði. Loks breytingar á samsetningu í landeigendahópum í Reykjahlíð og Vogum hafi forsendur veitunnar og rekstrarumhverfi gerbreyst, án þess að nokkur hafi gert neitt í því. Í þessu fari er nú búið að hjakka í á þriðja áratug og tímabært að líta upp og skoða sig um. Ljóst er að gildur er samningur milli landeigenda og Landsvirkjunar um nýtingu jarðvarma í Bjarnarflagi, því liggur beinast við að leita samninga við Landsvirkjun um kaup á heitu vatni af þeim. Hvor Landsvirkjun greiði landeigendum aukalega þess vegna er ekki mál hreppsins.

Í skjóli óuppfylltra samninga eru síðan lagnakerfi veitunnar búin að sitja á hakanum lengur er góðu hófi gegnir. Auk þess sem vinnulag við endurbætur og viðhald er ekki alveg í takti við nútímavinnulag í þeim efnum. Skemmst er minnst þess að það tók heilt sumar að endurnýja 400 m lögn sumarið 2010 og í sumar átti að endurnýja lögnina frá Garði í Grænalæk, hún liggur ennþá ósamansett ofanjarðar. Ljóst er að ef vinna á með þessum hætti er um eilífðarverk að ræða. Hér þarf að verða breyting á þannig að litið verði á lagnakerfið sem heild, endurnýjun þess sem atvinnuskapandi verkefni sem verði lokið á skömmum tíma og það fjármagnað með lántökum er veitan getur staðið undir.

Í úttekt sem Verkís hefur gert á ástandi lagnakerfisins og endurnýjun þess koma fram kostnaðaráætlanir um endurnýjun í bútum á kerfinu og hugmyndir um tengingar ýmissa bæja við kerfið. Ljóst má vera að sumir verkþættir í skýrslunni eru á því kostnaðarstigi að engin glóra er í að framkvæma þá við óbreytt ástand. Ekki er gerð nein tilraun til þess að bera saman mismunandi möguleika eða finna aðrar leiðir þar sem kostnaður er mjög hár. Má til dæmis nefna að tengja allt svæðið frá Garði að Vagnbrekku við Fagradalsveituna og bera það saman við endurnýjun lagnar gegnum Markhraun. Öðru nær hún er ekki nefnd og engu líkara en hún sé ekki til. Skoða þarf þetta allt í viðara samhengi með það að leiðarljósi að sem flestir íbúar sveitarfélagsins njóti hitaveitu. Þar sem skuldastaða veitunnar er óveruleg má ætla að ekki sé úr vegi að fjármagna endurnýjunina með lántökum sem sala á þjónustu veitunnar stæði undir. Gildir ofantalið einnig um vatnsveituna og fráveitur í sveitarfélaginu. Að sama skapi þarf að laga verðskrá veitunnar að því útgjaldaumhverfi sem hún þarf að búa við.

Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og felld með þremur atkvæðum gegn tveimur.

### **Fulltrúar M-lista leggja fram eftirfarandi bókun vegna þessa.**

Eins og fulltrúum G- lista er fullkunnugt um hafa samningaumleitanir milli landeigenda í Vogum og Hitaveitu Reykjahlíðar staðið yfir um nokkurt skeið og eru á viðkvæmu stigi. Meirihluti sveitarstjórnar telur rétt að bíða niðurstöðu þeirra samskipta áður en að annarra lausna er leitað. Meirihluti sveitarstjórnar áttar sig ekki á þeirri skoðun fulltrúa G-lista að landeigendur séu ekki sammingsaðilar um heitavatnsnot heldur Landsvirkjun. Árið 1971 voru gerðir tveir samningar um heitavatnskaup annar við landeigendur Reykjahlíðar og hinn við landeigendur Voga. Annar samningurinn er í fullu gildi en hinn í uppnámi. Er það þá skilningur G-listans að báðir samningarnir séu úr gildi fallnir?

Ef hitaveitan þyrfti að leita annarra leiða um kaup á heitu vatni gæti verið að Landsvirkjun væri nærtækur aðili til að leita til. Rétt er að taka það fram hér að Landsvirkjun á ekkert vatn til að selja skv. upplýsingum frá þeim sjálfum.

Þá undrast fulltrúar M-lista þá tillögu G-lista að útbúin verði ástandsskýrsla á veitum hreppsins með tilliti til ástands, uppbyggingar og endurnýjunar, þar sem þeir vita mæta vel að slíkar skýrslur eru til fyrir allar veitur hreppsins og það nýlegar, enda í greinargerð sem fylgir tillögunni vitna þeir sjálfir í úttekt sem Verkís gerði um ástand veitukerfisins.

Fulltrúum G-lista má vera það fullljóst að veitan hefur ekki burði til að fara í tuga hvað þá hundrað milljón króna framkvæmdir á einu sumri. Slíkt verður heldur ekki framkvæmt nema fyrir lánsfé og veitan hefur ekki bolmagn til að standa undir afborgunum af slíkum lánnum sem gætu numið tífaldri heildarsölu veitunnar á ári.

Að sjálfsögðu má deila um verklag við endurnýjun lagna veitunnar en sú stefna hefur verið rekin að framkvæma ekki fyrir meira fé en það sem veitan getur staðið undir á hverju ári.

Í greinargerð með tillögum G- lista kemur fram að G-listinn vilji líta á endurnýjun veitunnar sem atvinnuskapandi verkefni sem verði lokið á skömmum tíma. Erfitt er að sjá hvernig slíkt má verða. Verði slík framkvæmd boðin út í einu lagi eru yfirgnæfandi líkur á að einhver stór utanaðkomandi verktaki fengi það verk og þ.a.l. verði sáralítill vinna til í sveitinni. Með núverandi verklagi er verið að nýta starfsmenn hreppsins sem sinna þessari endurnýjun samhliða öðrum verkefnum. Auk þess þegar þetta er boðið út í litlum áföngum eru meiri líkur á að heimaverktakar fái þau verk og þ.a.l. stærri hluta þeirra vinnu haldið eftir í sveitarfélaginu.

Einnig benda fulltrúar G-listans á að laga þurfi verðskrá veitunnar að því útgjaldaumhverfi sem hún þarf að búa við og er þá sennilega átt við að hækka þurfi gjaldskrána til að standa undir tugmilljóna króna framkvæmd veitunnar. Í því ljósi er vert að benda á að það var pólitísk ákvörðun eftir hið margfræga bankahrun að stilla öllum gjaldskrárhækkunum í hóf og þar með talið gjaldskrá hitaveitunnar. Óvíst er að 100% hækkun á gjaldskránni dygði til að standa undir afborgunum af endurnýjun veitunnar í einu lagi.

### **11. Leiðrétting á fundargerð 25. fundar.**

Þau leiðu mistök urðu við ritun síðustu fundargerðar að fyrirspurnir fulltrúa G-lista varðandi kaldavatnstank, skólamál og erlent samstarf féllu út úr fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á fundargerðinni og verður hún endurrituð hvað þetta varðar.

### **12. Slægjufundur.**

Komið hefur fram ósk frá þeim sem sjá um Slægjufundinn í ár, að selt verði inn á ballið að kvöldi Slægjudags.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkoman ósk í þetta skiptið.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Jóhanna Njálisdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.